

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/115/EB

2007/EES/26/26

frá 22. desember 2003

## um breytingu á tilskipun 94/35/EB um sætuferni til notkunar í matvælum (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,  
með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar  
Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,

Að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli skv.  
6. gr. tilskipunar ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988  
um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfi-  
legra aukefna í matvælum <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í  
251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994, um sætuferni til notkunar í matvælum <sup>(5)</sup>, var sett fram skrá yfir sætuferni í matvælum sem leyfð eru í Bandalaginu og notkunarskilyrði þeirra.
- 2) Frá árinu 1996 hefur vísindanefndin um matvæli fallist á að leyfa notkun tveggja nýrra sætuferna, súkralósa og saltsins af aspartami og asesúlfami, í matvælum.
- 3) Álit vísindanefndarinnar um matvæli á sýklaminsýru og natríum- og kalsíumsöltum hennar (sem leiddi til þess að ákvörðuð voru ný gildi fyrir viðtekinn dag-skammt) og nýlegar rannsóknir á innteknu magni sýklamata með fæðu leiddu til þess að gildi fyrir hámarksskammt sýklaminsýru og natríum- og kalsíumsalta hennar voru lækkuð.
- 4) Aðlaga skal heiti tiltekinna flokka matvæla í tilskipun 94/35/EB svo að tillit sé tekið til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni <sup>(6)</sup> og sértilskipana, sem voru samþykktar fyrir suma flokka matvæla sem eru tilgreindir í I. viðauka við tilskipun ráðsins 89/398/EBE <sup>(7)</sup>.

5) Notkun viðkomandi aukefna í matvælum er í samræmi við almennu viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 89/107/EBE.

6) Í 53. og 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(8)</sup> eru fastsettar verklagsreglur um neyðarráðstafanir varðandi matvæli sem eru upprunnin í Bandalaginu eða innflutt frá þriðja landi. Þær gera framkvæmdastjórninni kleift að samþykkja slíkar ráðstafanir við aðstæður þar sem líklegt er að matvæli stofni heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í alvarlega hættu og þar sem ekki er unnt að halda hættunni í skefjum á fullnægjandi hátt með þeim ráðstöfunum sem viðkomandi aðildarríki grípur (grípa) til.

7) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar tilskipun 94/35/EB skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(9)</sup>.

8) Því ber að breyta tilskipun 94/35/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 94/35/EB:

1. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Heimilt er að ákveða í samræmi við málsmeðferðina í 7. gr.:

— hvort tiltekin tegund matvæla skuli teljast til eins af flokkunum, sem eru skráðir í þriðja dálki viðaukans, ef uppi er ágreiningur um hvort nota megi sætuferni í þá tegund samkvæmt þessari tilskipun og

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 24, 29.1.2004, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, 24. september 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 10.3.2005, bls. 33.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 262 E frá 29.10.2002, bls. 429.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 85, 8.4.2003, bls. 34.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/34/EB (Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 10. apríl 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 25. júní 2003 (Stjtið. EB C 277 E, 18.11.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 22. október 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/83/EB (Stjtið. EB L 48, 19.2.1997, bls. 16).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 186, 30.6.1989, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/41/EB (Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 38).

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

— hvort aukefni í matvælum, sem er tilgreint í viðaukanum og er leyfilegt miðað við „*quantum satis*“ (eftir þörfum), er notað í samræmi við skilyrðin sem um getur í 2. gr.“,

2. Þriðji undirliður bætist við 2. mgr. 5. gr.:

„— salt af aspartami og asesúlfami: „*inniheldur fenýlalanín*“.“,

3. í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fasta-nefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra, sem komið var á fót skv. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 (\*), hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar greinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB (\*\*), gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(\*) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

(\*\*) Ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23).“,

4. viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Eigi síðar en 29. janúar 2006 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem rakin er framvindan við endurmat, sem nú fer fram á aukefnum, og bráðabirgðaáætlun fyrir endurmat í framtíðinni, einkum á súkralósa og salti af aspartami og asesúlfami. Slíkt endurmat skal fara fram á grundvelli upplýsinga um neyslu, sem aðildarríkin leggja fram, og skal tekið tillit til áhrifa aukefna á viðkvæma þjóðfélagsþóp.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari í því skyni að:

— heimila viðskipti með vörur, sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar, og notkun þeirra eigi síðar en 29. janúar 2005,

— banna viðskipti með vörur, sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, og notkun þeirra eigi síðar en 29. júlí 2005. Þó er heimilt að selja vörur sem settar eru á markað eða merktar fyrir þann tíma, þótt þær séu ekki í samræmi við þessa tilskipun, til 29. janúar 2006.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MATTEOLI

forseti.

## VIÐAUKI

Viðaukanum við tilskipun 94/35/EB er breytt sem hér segir:

1. í þriðja dálki taflnanna skal breyta yfirskrift eftirfarandi flokka matvæla:
  - a) í stað „Heilblöndur til að stýra þyngd sem eiga að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir“ standi „Matvæli, til nota í orkusnauða megrunarfæðu, eins og um getur í tilskipun 96/8/EB (\*),“
  - b) í stað „Heilblöndur og fæðubótarefni til að nota undir eftirliti læknis“ standi „Sérþæða sem er notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 1999/21/EB (\*\*),“
  - c) í stað „Fljótandi fæðubótarefni“ komi „Fæðubótarefni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB (\*\*\*), gefin í fljótandi formi“,
  - d) í stað „Fæðubótarefni í föstu formi“ komi „Fæðubótarefni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, gefin í föstu formi“,
  - e) í stað „Fæðubótarefni, að stofni til úr vítamínum og/eda steinefnum, í formi sýróps eða tyggjanleg“ standi „Fæðubótarefni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, sem eru að stofni til úr vítamínum og/eda steinefnum og gefin sem mixtúra eða tuggutöflur“,

2. eftirfarandi neðanmálgreinar bætist við á eftir töflunum:

(\*) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB um matvæli sem nota á sem orkusnautt megrunarþæði (Stjtið. EB L 55, 6.3.1996, bls. 22).

(\*\*) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérþæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29).

(\*\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).“

3. í E 951, „Aspartam“, bætist við eftirfarandi flokkur undir „Sælgæti“:

„— <i>Essoblaten</i>	1 000 mg/kg“
----------------------	--------------

4. í E 952, sýklamínsýra og natríum- og kalsíumsölt hennar:

- a) í eftirfarandi flokkum matvæla komi hámarksskammturinn „250 mg/l“ í stað „400 mg/l“:

— Bragðbættir drykkir, að stofni til úr vatni, orkusnauðir eða án viðbætts sykurs,

— Drykkir, að stofni til úr mjólk, mjólkurvörum eða ávaxtasafa, orkusnauðir eða án viðbætts sykurs,

- b) eftirfarandi flokkar matvæla og hámarksskammtar falli brott:

„— Sælgæti án viðbætts sykurs	500 mg/kg
— Sælgæti, að stofni til úr kakói eða þurrkuðum ávöxtum, orkusnautt eða án viðbætts sykurs	500 mg/kg
— Sælgæti, að stofni til úr sterkju, orkusnautt eða án viðbætts sykurs	500 mg/kg
— Tyggigúmmí án viðbætts sykurs	1 500 mg/kg
— Smátöflur, sem gefa frískandi andardrátt, án viðbætts sykurs	2 500 mg/kg
— Ís til manndis, orkusnauður eða án viðbætts sykurs	250 mg/kg“

## 5. eftirfarandi töflur bætist við:

„EB-nr.	Heiti	Matvæli	Hámarksskammtur
E 955	Súkralósi	<p><b>Óáfengir drykkir</b></p> <p>— Bragðbættir drykkir, að stofni til úr vatni, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Drykkir, að stofni til úr mjólk eða mjólkurvörum eða ávaxtasafa, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs</p> <p><b>Eftirréttir og svipaðar vörur</b></p> <p>— Bragðbættir eftirréttir, að stofni til úr vatni, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Blöndur, að stofni til úr mjólk eða mjólkurvörum, orkusnauðar eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Eftirréttir, að stofni til úr ávöxtum eða grænmeti, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Eftirréttir, að stofni til úr eggjum, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Eftirréttir, að stofni til úr korni, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Eftirréttir, að stofni til úr fitu, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs</p> <p>— „Nasl“: tiltekna bragðtegundir af tilbúnum, pökkuðum, þurrkuðum, bragðmiklum sterkjuafurðum og húðuðum hnetum</p> <p><b>Sælgæti</b></p> <p>— Sælgæti án viðbættis sykurs</p> <p>— Sælgæti, að stofni til úr kakói eða þurrkuðum ávöxtum, orkusnautt eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Sælgæti, að stofni til úr sterkju, orkusnautt eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Kramarhús og kexþynnuform undir tjómaís, án viðbættis sykurs</p> <p>— Essoblaten</p> <p>— Viðbit, að stofni til úr kakói, mjólk, þurrkuðum ávöxtum eða fitu, orkusnautt eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Morgunkorn með meira en 15% trefjainnihaldi sem inniheldur a.m.k. 20% af klíði og er orkusnautt eða án viðbættis sykurs</p> <p>— Smátöflur, sem gefa frískandi andardrátt, án viðbættis sykurs</p> <p>— Bragðsterkar, frískandi hálstöflur, án viðbættis sykurs</p> <p>— Tyggigúmmí án viðbættis sykurs</p> <p>— Orkusnautt sælgæti í töfluformi</p> <p>— Epla- og perusítri</p> <p>— Drykkir úr blöndu af óáfengum drykk og bjór, eplasítra, perusítra, brenndum vínnum eða víni</p> <p>— Brenndir drykkir sem innihalda minna en 15% alkóhól miðað við rúmmál</p> <p>— Óáfengur bjór eða bjór með áfengismagn sem er ekki meira en 1,2% miðað við rúmmál</p>	<p>300 mg/l</p> <p>300 mg/l</p> <p>400 mg/kg</p> <p>400 mg/kg</p> <p>400 mg/kg</p> <p>400 mg/kg</p> <p>400 mg/kg</p> <p>400 mg/kg</p> <p>200 mg/kg</p> <p>1 000 mg/kg</p> <p>800 mg/kg</p> <p>1 000 mg/kg</p> <p>800 mg/kg</p> <p>800 mg/kg</p> <p>400 mg/kg</p> <p>400 mg/kg</p> <p>2 400 mg/kg</p> <p>1 000 mg/kg</p> <p>3 000 mg/kg</p> <p>200 mg/kg</p> <p>50 mg/l</p> <p>250 mg/l</p> <p>250 mg/l</p> <p>250 mg/l</p>

EB-nr.	Heiti	Matvæli	Hámarksskammtur
		— „Bière de table/Tafelbier/Table beer“ (upprunalegt magn maltvökva, sem látinn er gerjast, er minna en 6%), nema þegar um er að ræða „Oberbürgerliches Einfachbier“	250 mg/l
		— Bjór með lágmarkssýrumagni, sem nemur 30 millíjafngildum, gefið upp sem NaOH	250 mg/l
		— Dökkur bjór af gerðinni „oud bruin“	250 mg/l
		— Léttbjór	10 mg/l
		— Ís til mannelis, orkusnauður eða án viðbættis sykurs	320 mg/kg
		— Ávextir, niðursoðnir í dósir eða krukur, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs	400 mg/kg
		— Orkusnauð aldinsulta, ávaxtahlauð og ávaxtamauk	400 mg/kg
		— Orkusnauðar aldin- og grænmetisblöndur	400 mg/kg
		— Súrsæt, niðursoðin aldin og grænmeti	180 mg/kg
		— Feinkostsalat	140 mg/kg
		— Súrsætur, niðursoðinn og niðurlagður fiskur og kryddlögur fyrir fisk, krabbadýr og lindýr	120 mg/kg
		— Orkusnauðar súpur	45 mg/l
		— Sósur	450 mg/kg
		— Sinnep	140 mg/kg
		— Fínt kaffibrauð, notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi	700 mg/kg
		— Matvæli til nota sem orkusnauð megrunarfaði, eins og um getur í tilskipun 1996/8/EB	320 mg/kg
		— Sérfaða notuð í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 1999/21/EB	400 mg/kg
		— Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í 2002/46/EB, gefin í fljótandi formi	240 mg/l
		— Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í 2002/46/EB, gefin í föstu formi	800 mg/kg
		— Fæðubótarefni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, sem eru að stofni til úr vítamínum og/eða steinefnum og gefin sem mixtúra eða tuggutöflur	2 400 mg/kg
E 962	Salt af aspartami og asesúlfami (*)	<b>Óáfengir drykkir</b>	
		— Bragðbættir drykkir, að stofni til úr vatni, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs	350 mg/l (a)
		— Drykkir, að stofni til úr mjólk eða mjólkurvörum eða ávaxtasafa, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs	350 mg/l (a)
		<b>Eftirréttir og svipaðar vörur</b>	
		— Bragðbættir eftirréttir, að stofni til úr vatni, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs	350 mg/kg (a)
		— Blöndur, að stofni til úr mjólk eða mjólkurvörum, orkusnauðar eða án viðbættis sykurs	350 mg/kg (a)
		— Eftirréttir, að stofni til úr ávöxtum eða grænmeti, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs	350 mg/kg (a)

EB-nr.	Heiti	Matvæli	Hámarksskammtur
		— Eftirréttir, að stofni til úr eggjum, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs	350 mg/kg (a)
		— Eftirréttir, að stofni til úr korni, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs	350 mg/kg (a)
		— Eftirréttir, að stofni til úr fitu, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs	350 mg/kg (a)
		— „Nasl“: tilteknað bragðtegundir af tilbúnum, pökkuðum, þurrkuðum, bragðmiklum sterkjuafurðum og húðuðum hnetum	500 mg/kg (b)
		<b>Sælgæti</b>	
		— Sælgæti án viðbættis sykurs	500 mg/kg (a)
		— Sælgæti, að stofni til úr kakói eða þurrkuðum ávöxtum, orkusnautt eða án viðbættis sykurs	500 mg/kg (a)
		— Sælgæti, að stofni til úr sterkju, orkusnautt eða án viðbættis sykurs	1 000 mg/kg (a)
		— <i>Essoblaten</i>	1 000 mg/kg (b)
		— Viðbit, að stofni til úr kakói, mjólk, þurrkuðum ávöxtum eða fitu, orkusnautt eða án viðbættis sykurs	1 000 mg/kg (b)
		— Morgunkorn með meira en 15 % trefjainnihaldi sem inniheldur a.m.k. 20 % af klíði og er orkusnautt eða án viðbættis sykurs	1 000 mg/kg (b)
		— Smátöflur, sem gefa frískandi andardrátt, án viðbættis sykurs	2 500 mg/kg (a)
		— Tyggigúmmí án viðbættis sykurs	2 000 mg/kg (a)
		— Epla- og perusítri	350 mg/l (a)
		— Drykkir úr blöndu af óáfengum drykk og bjór, eplavíni, peruvíni, brenndum vínum eða víni	350 mg/l (a)
		— Brenndir drykkir sem innihalda minna en 15% alkóhól miðað við rúmmál	350 mg/l (a)
		— Óáfengur bjór eða bjór með áfengismagn sem er ekki meira en 1,2% miðað við rúmmál	350 mg/l (a)
		— „Bière de table/Tafelbier/Table beer“ (upprunalegt magn maltvökva, sem látinn er gerjast, er minna en 6%), nema þegar um er að ræða „Oberbürgerliches Einfachbier“	350 mg/l (a)
		— Bjór með lágmarkssýrumagni, sem nemur 30 millíjafngildum, gefið upp sem NaOH	350 mg/l (a)
		— Dökkur bjór af gerðinni „oud bruin“	350 mg/l (a)
		— Léttbjór	25 mg/l (b)
		— Ís til manneldis, orkusnauður eða án viðbættis sykurs	800 mg/kg (b)
		— Ávextir, niðursoðnir í dósir eða krukur, orkusnauðir eða án viðbættis sykurs	350 mg/kg (a)
		— Orkusnauð aldinsulta, ávaxtaflaup og ávaxtamauk	1 000 mg/kg (b)
		— Orkusnauðar aldin- og grænmetisblöndur	350 mg/kg (a)
		— Súrsæt, niðursoðin aldin og grænmeti	200 mg/kg (a)
		— Feinkostsalat	350 mg/kg (b)

EB-nr.	Heiti	Matvæli	Hámarksskammtur
		— Súrsætur, niðursoðinn og niðurlagður fiskur og fiskur, krabbadýr eða lindýr í kryddlegi	200 mg/kg (a)
		— Orkusnauðar súpur	110 mg/l (b)
		— Sósur	350 mg/kg (b)
		— Sinnep	350 mg/kg (b)
		— Fínt kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi	1 000 mg/kg (a)
		— Matvæli sem á að nota í orkusnautt megrunarfæði, eins og um getur í tilskipun 96/8/EB	450 mg/kg (a)
		— Sérfaða notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 1999/21/EB	450 mg/kg (a)
		— Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í 2002/46/EB, gefin í fljótandi formi	350 mg/l (a)
		— Fæðubótarefni samkvæmt skilgreiningu í 2002/46/EB, gefin í föstu formi	500 mg/kg (a)
		— Fæðubótarefni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2002/46/EB, sem eru gefin sem mixtúra eða tuggutöflur og eru að stofni til úr vítamínum og/eða steinefnum	2 000 mg/kg (a)

(\*) Hámarksskammtar fyrir saltið af aspartami og asesúlfami eru reiknaðir út frá hámarksskömmtum fyrir innihaldsefni þess, aspartam (E 951) og asesúlfam-K (E 950). Ekki má fara yfir hámarksskammt fyrir aspartam (E 951) eða asesúlfam-K (E 950) við notkun saltsins af aspartami og asesúlfami, hvorki eitt og sér né í samsetningu með E 950 eða E 951. Gildin í þessum dálki eru gefin upp annaðhvort sem a) jafngildi asesúlfams-K, eða b) jafngildi aspartams.“